

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði handa 105**  
**meistara Eiríki Magnússyni.** — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra 28. sept.  
landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt hefur verið í neðri deild alþingis, þar  
sem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að veita meistara Eiríki Magnússyni 5400 kr.  
lán úr viðlagasjóði landsins gegn veði í lífsábyrgðarskýrteini, er lántakandi skuldbindur  
sig til að halda í gildi, eður gegn annari viðunandi tryggingu.

Í tilefni af þessu er yður þjónustusamlega veitt heimild til að veita meistara  
Eiríki Magnússyni hið umrædda lán á þann hátt, er neðri deild alþingis ræður til, og  
skal í skuldabryfi því, er lántakandi á að gefa út, auk nauðsynlegra ákvarðana um  
vaxtagreiðslu af láninu og endurborgun þess, enn fremur tekið fram, að lántakanda beri  
að færa sönnur á það fyrir landshöfðingja, að lífsábyrgðarskýrteininu, sem honum ber að  
afhenda landshöfðingja til tryggingar fyrir láninu, sje haldið í gildi með greiðslu ár-  
gjaldsins í rjettan eindaga.

Þess skal getið, að ráðgjafinn hefur skýrt E. Magnússyni frá heimild þeirri, er  
yður þannig hefur verið veitt, og er látið fylgja hjer með skjal nokkurt, er hann sendi  
hingað til sönnunar því, að árgjaldið fyrir lífsábyrgðarskýrteini það, er hann ætlar að  
bjóða fram til tryggingar láninu, sje greitt í seinasta skipti 16. maí þ. á.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sveitarbúend- 106**  
**um til að auka bústofn sinn, og um hallærislán.** — Með þóknanlegu brjefi frá 27. f. 28. sept.  
m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt hefur verið í báðum  
deildum alþingis, og þar sem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að veita landshöfðingja  
heimild til að lána út með venjulegum kjörum og nægum tryggingum, allt að 100000 kr.  
Ef á þyrfti að halda, skyldi taka fje þetta af innritunarskýrteina upphæð viðlagasjóðsins,  
og skyldi einkum veita lánin sveitarbúendum þeim, sem þyrftu að auka bústofn sinn. Þjer  
getið þess, að ráðstöfun sú, er þingið þannig ræður til, muni að vísu eigi hafa neina  
þýðingu, þegar um það er að ræða, að afstýra hallæri, en megi þó álitast geta orðið  
að gagni, og hafið þjer því lagt það til, að áskorun þingsins verði tekin til greina.

Í tilefni af þessu skal ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þókn-  
anlegrar leiðbeiningar, að yður veitist hjer með hin umrædda heimild. En með því að  
ráðgjafanum er ókunnugt um, hvað mikið þarf í þessu skyni af innritunarskýrteina upp-  
hæð landssjóðsins, sem og um það, hvort þjer, herra landshöfðingi, óskið yður senda pen-  
ingana á þessu ári, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að láta uppi ósk yðar í því efni  
með þessari pósthæð, til þess að skuldabryfasala sú, sem þörf er á, geti framfarið og  
upphæð sú, er þjer óskið eptir, orðið send yður með póstskipi því, er fer hjerðan í nóv-  
embermánuði.

Til vonar og vara skal yður ennfremur, herra landshöfðingi, veitt heimild til  
að veita sýslunefndum og amtsráðum, lán þau úr landssjóði, er óhjákvæmilega nauðsynleg  
virðast, til þess að afstýra hallæri, gegn því að þau verði ávöxtuð og endurgreidd á þann  
hátt, er alþingi 1885 ákveður.

**Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um stöðu byggingarnefnd- 107**  
**ariunnar gagnvart bæjarstjórninni.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., hafið þjer, 4. okt.  
herra bæjarfógeti, farið þess á leit, að jeg felli úr gildi þá ákvörðun bæjarstjórnarinnar,

107 er hún gjörði á fundi 25. f. m., parsem hún breytti úrskurði byggingarnefndarinnar, 4. okt. frá 6. júní síðastliðnum, og leyfði trjesmið Valgarði Breiðfjörð að mega bygga ofaná geymsluhús sitt «etage», en byggingarnefndin hafði synjað um leyfi til þessa af þeirri ástæðu, að hús þetta [stæði þegar of nærri geymsluhúsi nábúans, parsem eigi væru nema tæpar 4 álnir frá norðvesturenda húss þessa að húsi nágrannans, og mætti því alls ekki leyfa hlutaðeiganda að búa til tvíloftað íbúðarhús úr þessu geymsluhúsi sínu, með því það og sje auðsætt, að brunahættan sje langtum meiri af svo háu húsi, en lágu húsi, eins og það nú er. Þjer hafði, herra bæjarfógeti, haldið því fram, að bæjarstjórnin að lögum ekki hafi vald til að fella úr gildi þær ákvarðanir, er byggingarnefndin gjörir um breytingar á húsum bæjarins, og að bæjarstjórnin þess vegna í þessu tilfalli hafi tekið sjer það vald, er henni ekki hafi borið. Út af þessu skal jeg hjer með til frekari birtingar tilkynna yður það sem nú skal sagt.

Með opnu brjefi, viðvikjandi byggingarnefnd í Reykjavík, 29. maí 1839 3. gr., var það ákveðið, að byggingarnefndin, sem þá var stofnuð, skyldi skipa fyrir um nýjar húsa-byggingar og hafa tilsjón með aðalumbótum eldri bygginga, en til þess að ákvarðanir nefndarinnar í þessu tilliti fengu fullt gildi, áttu þær að staðfestast með samþykki amts-ins. Byggingarnefndin stóð þannig undir amtmanninum, sem átti að hafa eptirlit með því, að ákvarðanir hennar væru löglegar, og að öðrum kosti gat ónýtt þær. Með reglugjörð 27. nóvember 1846 um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík var engin breyting gjörð á valdi eða verksviði byggingarnefndarinnar, en sú eina breyting gjörð á skipun hennar með 18. gr. reglugjörðarinnar, að bæjarfulltrúarnir skyldu kjósa þá tvo menn í nefndina, er þar áttu að eiga sæti úr þeirra flokki, parsem amtmaður áður átti að útnefna alla meðlimi nefndarinnar, og að þessu leyti má segja, að bæjarstjórnin fengi frekari hlutdeild en áður í störfum byggingarnefndarinnar, en að öðru leyti var henni ekkert vald gefið yfir byggingarnefndinni og engin heimild til að breyta ákvörðunum hennar. Í tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, 16. gr., er endurtekin ákvörðun reglugjörðarinnar frá 1846 um að bæjarstjórnin kjósi tvo menn úr sínum flokki í byggingarnefndina, en þaðanuki ákveðið að hún einnig skuli kjósa hina tvo bæjarbúa sem í nefndinni eiga að vera. Að öðru leyti er um leið og þessi ákvörðun er sett, skýrskotað til opins brjefs 29. maí 1839, 1. greinar, og engin frekari breyting gjörð á byggingarnefndinni eða stöðu hennar, og sjerstaklega er engin bending um að áfrýja megi ákvörðunum hennar undir úrskurð bæjarstjórnarinnar til breytingar eða ónýtingar.

Parsem það þannig virðist auðsætt, að bæjarstjórnin eptir hinum eldri lögum ekki hafi haft vald til að breyta ákvörðunum byggingarnefndarinnar, og ekki verður sjeð að hún hafi öðlast neitt slíkt vald með hinum nügildandi bæjarstjórnarlögum, tilskipun 20. apríl 1872, verð jeg að álíta að hún með því að leyfa þá breytingu á húsi trjesmiðs Valgarðar Breiðfjörðs, er byggingarnefndin hafði neitað um, og með því þannig að breyta ákvörðun nefndarinnar, hafi farið út fyrir vald það, sem lög heimila henni, og skal þess vegna tjeð ákvörðun bæjarstjórnarinnar, samkvæmt 12. gr. ofanefndra bæjarstjórnarlaga, feld úr gildi sem ólögleg. — 2 fylgiskjöl endursendast.

#### ÓVEITT SÝSLAN.

Sýslanin sem vitavörður við Reykjanessvitann. Launin eru 1200 kr. á ári og leigulaus afnot af vitavardarbústaðnum með húsum þeim, og lóð er honum fylgia; þar að auki fær vitavörður ókeypis nokkurn eldivið og ljósmat. Vitavörður er skyldur að halda á eiginu kostnað áreiðanlegan vinnumann til aðstóðar sjer við vitagæzluna. Sýslauin veitist frá 1. ágúst 1884. Sá sem fær sýslan þessa er skyldur til að vera í vetur endurgjaldslaut að minnsta kosti mánaðartíma við vitann, til þess að kynna sjer störf þau er vitagæzlunni fylgja. Bónarbrjef með áreiðanlegum vottorðum eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir lok þessa árs.